

Reglugjörð

83
7. sept.

um

refaveiðar í Norður-Píngeyjarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefndir hafa umsjón með refaveiðum hver í sínum hreppi, kýs hún einn mann til að sjá um framkvæmdir, og nefnist hann refaveiðastjóri.

2. gr.

Á vörfundum annast refaveiðastjóri um að kostir sjeu hæfilega margir skotmenn, og hverjum þeirra ætlað ákveðið svæði, skal á sama fundi tilnefna grenjaleitarmenn, og er heppi-
legast að skotmaður sje með í leitinni. Finnist gren með yrðlingum í skal skotmaður og að-
stoðarmaður hans setjast að á því, og eru þeir skyldir til að liggja þar í 3 sólarhringa, nema
grenið sje áður að fullu unnið.

3. gr.

Hver búandi er skyldur til að leita að grenjum í búfjárhögum sínum endurgjalds-
laust. Gera skal hann skotmanni strax aðvart ef hann veður þess var að þar sjeu yrðlingar.
Fer skotmaður tafarlaust þangað ef hann er ekki háður öðru greni.

4. gr.

Aðallega skal gera tvær grenjaleitir á hverju vori, hina fyrri um fardaga og þá síð-
ari eftir því sem refaveiðastjóri ákveður. Leitarmönnum skal greidd þóknun fyrir það eftir
reikningi, er hreppsnefnd samþykkir.

5. gr.

Skotmanni skal greiða kr. 10,00 fyrir hvern sólarhring sem hann er frá heimili sínu
við grenja legu, og aðstoðarmanni sem skotmaður tekur gildan sama kaup. Þar að auki fá þeir
þóknun fyrir hestabrukun eftir reikningi er hreppsnefnd samþykkir. Fyrir fyrra dýrið fær
skotmaður kr. 5,00, en kr. 10,00 fyrir hið síðara, og fyrir hvern yrðling kr. 2,00. Drepa skal
alla yrðlinga jafnóðum og þeir nást, nema þá er nota þarf til grenjavinslu vorlangt. Þó skal
öllum yrðlingum lógað fyrir 15. júlí.

6. gr.

Refaveiðastjóri skal halda bók yfir eyðing refa, gjöra skal hann skýrslur um það
eftir fyrirmynd, er stjórnarráð Íslands setur. Auk þess skal þar lýsa öllum grenjum á leitar-
svæðinu, með stuttri en glöggri lýsing, svo finna megi grenin eftir henni.

Eltra skal fyrir refi árlega í hagfeldum stöðum og á hentugum tíma. Skal svo með farið, að sem minst hætta stafi af. Ef rjúpur eða aðrir fuglar eru eittraðir, þá er skylt að auðkenna þá á þann hátt að stýfa af hálfan hægri væng.

Nota ska ltil eitrunar Strychnin eða annað eitur ekki ósterkara og skal refaveiðastjóri ætíð sjá um að nęgar birgðir af því sjeu til og í þeirra manna höndum, er hreppsnefnd trúir til að fari gætilega með það. Alt eittrað agn skal hirða og urða að vori, svo að sem minst hætta stafi af því.

8. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10 til 200 krónum eftir málavöxtum, er renna í fjallskila eða sveitarsjóð eftir fyrirmælum viðkomandi hreppsnefnda.

Mál út af brotum á reglugjörð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hjér með til að öðlast gildi 1. okt. 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 7. sept. 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

um

fjallskil í Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár

I.

Um afrijetti.

1. gr.

Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár skiftist í tvö fjallskilafjelög þannig: á milli Jökulsár og Hafralónsár sje eitt fjallskilafjelag; annað fjallskilafjelag sje á svæðinu frá Hafralónsá að takmörkum Norður-Múlasýslu (Sauðaneshreppur). Hvort fjallskilafjelagið skiftist í deildir eftir því sem landi hagar og fjöll og vatnsföll deila. Sýslunefndin ákveður takmörk deilda eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarfjelaga.

2. gr.

Sýslunefnd hefir á hendi yfirstjórn allra fjallskilamálefna í sýslunni samkvæmt